

RAFRÆN SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

9. BEKKUR – VOR OG HAUST 2018

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að námsmat sé fjölbreytt og að endurgjöf til nemenda sé byggð á mismunandi aðferðum. Skipta má námsmati í tvo flokka, innra námsmat og ytra námsmat. Innra námsmat vísar til þess námsmats sem er í umsjón kennara í hverjum bekk eða skóla fyrir sig og getur verið breytilegt milli kennara, skóla, bekkja og námsgreina. Námsmatið í skólum fer fram með fjölbreyttum aðferðum, til dæmis sem munnleg, verkleg, skrifleg eða myndræn verkefni, einstaklings- eða hópverkefni, rafræn verkefni, sem verkefnamappa, verkleg, skrifleg, myndræn hópverkefni, próf, kannanir og fleira.

Samræmd könnunarpróf gegna hlutverki ytra námsmats þar sem markmiðið er að fá fram niðurstöður sem eru sambærilegar milli skóla og yfir tíma. Þar af leiðandi eru þau mikilvæg viðbót við hið gróskumikla og fjölbreytta námsmat sem fram fer í skólunum.

Menntamálastofnun hefur samkvæmt reglugerð (nr. 173/2017) umsjón með gerð og framkvæmd samræmdra könnunarprófa og er öllum grunnskólum skylt að leggja prófin fyrir nemendur í 4., 7. og 9. bekk. Samkvæmt 3. gr. ofangreindrar reglugerðar er tilgangur samræmdra könnunarprófa að:

- a) „athuga, eftir því sem kostur er, að hvaða marki hæfniviðmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein eða námsþáttum hafi verið náð,
- b) vera leiðbeinandi um áherslur í námi einstakra nemenda,
- c) veita nemendum, foreldrum, skólum og menntayfirvöldum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda,
- d) veita upplýsingar um hvernig einstakir skólar og skólakerfið í heild stendur í þeim námsgreinum og námsþáttum sem prófað er úr.“

Menntamálastofnun setur [almennar reglur](#) um fyrirlögn samræmdu könnunarprófanna en tilgangur þeirra er meðal annars að fyrirlögn fari fram með sambærilegum hætti í öllum skólum og jafnframt að veita kennurum og nemendum leiðsögn og öryggi við fyrirlögn. Skólastjórar skipuleggja og bera ábyrgð á framkvæmd könnunarprófanna í sínum skóla. Meginreglan er sú að allir nemendur í prófárgangi þreyti prófin nema nemendur hafi undanþágu frá prófi skv. 39. gr. laga um grunnskóla (nr. 91/2008). Jafnframt er hægt að sækja um stuðningsúrræði í prófinu, ýmist í einu prófi eða öllum en þá fær viðkomandi nemandi lengri próftíma og hljóðskrár með upplestri í prófinu.

Eftir að könnunarprófunum er lokið fer fram úrvinnsla niðurstaðna, annars vegar eru niðurstöður skoðaðar út frá framkvæmd prófanna og hins vegar frammistöðu nemenda.

Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu fyrirlagna samræmdra könnunarprófa í 9. bekk 2018. Fjallað verður um breytingar á prófunum, kynningarpróf, kynningarmál, framkvæmd á prófdögum og mat lagt á hvað gekk vel og hvað betur mætti fara.

Í [rafrænum skýrslugrunni Menntamálastofnunar](#) er að finna nánari upplýsingar um niðurstöður varðandi framkvæmd prófanna og frammistöðu nemenda.

INN TAK OG PRÓFAGERÐ

Inntak samræmdu könnunarprófanna byggist á hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla í hverri námsgrein. Prófatríði eru samin af sérfræðingum í prófagerð sem hafa áralanga reynslu af kennslu einkum á grunnskólastigi. Öll verkefni sem samin eru fara í gegnum ákveðið gæðaferli áður en tekin er ákvörðun um hvort þau verði notuð í próf eða hvort þau þarfnist lagfæringa. Gæðaferlið felst í forprófun og rýni verkefna ásamt greiningu á niðurstöðum forprófanna. Verkefnin eru forprófuð á nemendum grunnskóla og rýnd af sérfræðingum utan og innan stofnunarinnar. Við úrvinnslu niðurstaðna úr forprófunum eru skoðaðir þættir eins og þyngd spurningar (hlutfall nemenda sem svara spurningu rétt) og aðgreiningarstuðull svo dæmi séu nefnd. Aðgreiningarstuðull segir til um hversu vel spurning greinir á milli nemenda með ólíka hæfni.

BREYTINGAR Á PRÓFUNUM

Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, dagsettu 21. desember 2015, var Menntamálastofnun falið það verkefni að breyta lögbundnum samræmdum könnunarprófum í grunnskólum.

Verkefnið var þríþætt:

1. Innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði sem haldin voru í 4. og 7. bekk grunnskóla haustið 2016.
2. Innleiðing rafrænna samræmdra könnunarprófa í íslensku, stærðfræði og ensku sem lögð voru fyrir á unglíngastigi vorið 2017.
3. Endurskoðun á innihaldi samræmdra könnunarprófa í ljósi hæfniviðmiða aðalnámskrár grunnskóla.

Innleiðingu rafrænna samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9. bekk grunnskóla er lokið. Endurskoðun á innihaldi könnunarprófanna í ljósi hæfniviðmiða aðalnámskrár er í vinnslu og er ólokið þegar þessi skýrsla er rituð.

Rafræn próf gefa kost á að aðlaga próffyrirlögn að færni nemenda, svokölluð aðlöguð samræmd könnunarpróf, oft nefnd einstaklingsmiðuð próf. Slíkar prófanir krefjast skemmri próftíma til að meta færni nemenda með svipuðum eða betri hætti en hefðbundin próf. Í einstaklingsmiðuðum prófum gefst nemendum færi á að þreyta prófin á sínum forsendum, þar sem þeir eru staddir, þ.e. fá spurningar við sitt hæfi. Þeir svara ekki endilega allir sömu spurningunum og þar að auki þarf færri spurningar til að meta hæfni þeirra, sem leiðir til styttri próftíma. Menntamálastofnun stefnir að því að hefja einstaklingsmiðuð próf á næstu árum.

Sú breyting var gerð árið 2016 að ákveðið var að taka ritun úr samræmdum könnunarprófum á unglíngastigi og er áætlað að færa ritunarpátt prófsins í Lesferil, sem er safn matstækja sem áætlað er að meta stöðu nemenda á ýmsum hliðum lestrarferlis. Árið 2009 hafði

stafsetningarhluti prófsins verið tekinn úr prófinu. Vinna við stöðlun þessara þátta, stafsetningu og ritun, er hafin.

Vorið 2017, þegar 9. og 10. bekkur þreyttu samræmdu könnunarprófin samtímis, var prófað úr námsgreinunum þremur, íslensku, ensku og stærðfræði á tveimur dögum þannig að enskan skiptist á tvo daga. Árið 2018 var fyrirkomulaginu breytt aftur þannig að hver námsgrein fékk sinn dag og lengdust prófin aðeins við þá breytingu.

KYNNINGARPRÓF

Kynningarpróf fyrir 9. bekk voru útbúin í fullri lengd í íslensku, stærðfræði og ensku og gerð aðgengileg á heimasíðu MMS um það bil mánuði fyrir fyrsta prófdag. Tilgangurinn með kynningarprófum er að gera nemendum kleift að kynna prófakerfinu fyrir prófdagana þannig að þeir geti æft sig í rafrænni próftöku, viti hvað þeir eigi í vændum, hvernig innskráningin í prófið virkar og fleira. Jafnframt er gagnlegt fyrir kennara að skrá sig inn í kynningarprófið, m.a. til að sjá hvernig innskráningarferlið er, hvernig veflás og prófakerfið í heild sinni virkar. Hafa ber í huga að tilgangur kynningarprófa er ekki að undirbúa nemendur efnislega fyrir samræmdu könnunarprófin.

KYNNINGARMÁL

Í aðdraganda prófanna voru að venju send bréf og tilkynningar til skólastjórnenda varðandi framkvæmd prófanna. Auk þess hélt stofnunin fjóra fjarfundi þegar líða fór að prófum. Á fjarfundunum var farið yfir ýmis atriði varðandi framkvæmd prófanna og færi gafst á að koma með fyrirspurnir sem svarað var á fundunum. Góð þátttaka var á allflestum fundum og spunnust gagnlegar umræður um prófin. Mjög gagnlegt var fyrir stofnunina að heyra álit og væntingar við undirbúning prófanna.

Heimasíða og Facebook-síða MMS voru óspart notaðar til að koma upplýsingum skjótt til skólanna. Öll bréf sem send voru skólastjórum voru birt á heimasíðu stofnunarinnar.

FYRIRLAGNIR PRÓFA Í MARS

Samkvæmt reglugerð nr. 173, 2. mars 2017 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla skal halda samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku að vori í 9. bekk. Dagsetningar prófanna í 9. bekk 2018 voru eftirfarandi:

- 7. mars – íslenska
- 8. mars – stærðfræði
- 9. mars – enska

Í íslenskuprófi þann 7. mars komu snemma prófdags upp vandamál hjá mörgum skólum þar sem meirihluti nemenda náði ekki sambandi við prófakerfið eða missti ítrekað samband eftir

innskráningu. Samband var haft við þjónustuaðila prófakerfisins sem hóf að greina vandann og leita lausna en símtölum og tölvupóstum frá skólum fjölgaði mikið á stuttum tíma sem gaf til kynna að umfang vandans væri mikið. Voru tilkynningar birtar með reglulegu millibili á Facebook-síðu og heimasíðu stofnunarinnar og upplýsingapóstar sendir til skólastjóra. Eftir fyrstu greiningu þjónustuaðila var ljóst að netþjónn á Írlandi virtist ekki valda álagi vegna prófanna. Því þurfti að taka ákvörðun um framhaldið. Ákveðið var að heimila þeim skólum sem vildu, að fresta töku prófsins. Þeir sem ekki lentu í vandræðum við próftökuna voru þó hvattir til að ljúka prófi. Um helmingur þeirra sem skráðir voru til prófs lauk prófi í íslensku þann 7. mars eða alls 1920 nemendur.

Fyrirlögn stærðfræðiprófs þann 8. mars gekk stóráfallalaust fyrir sig. Fáar fyrirspurnir bárust stofnuninni vegna prófsins, helstu vandamálín sem komu upp tengdust stuðningsúrræðum þar sem hljóðskrár virkuðu ekki sem skyldi, eða gleymst hafði að skrá stuðningsúrræði fyrir tilsettan tíma. Prófkóðar sem virkuðu ekki, veru í flestum tilfellum rangt slegnir inn eða virkuðu eingöngu með lágstöfum og án bandstrika. Örfáir lentu í tæknilegum örðugleikum þar sem upp komu tengivandamál þ.e. þurftu að skrá sig inn aftur einu sinni eða oftár. Stofnunin fékk vitneskju um slík mál að loknu prófi. Líklega hefur þar verið um að ræða álag á netkerfi innan skólans. Leyst var fljótt og vel úr þeim málum sem upp komu.

Í enskuprófi komu aftur upp alvarleg vandamál í fyrirlögn. Var þegar hafist handa við að greina vandann og leita lausna í samráði við þjónustuaðila prófakerfisins. Ákveðið var að heimila þeim skólum sem vildu, að fresta töku prófsins. Þeir sem ekki lentu í vandræðum við próftökuna voru þó hvattir til að ljúka prófi. Um helmingur þeirra sem skráðir voru til prófs lauk prófi í ensku þann 9. mars eða alls 2086 nemendur.

Nokkrum dögum eftir kerfisbilunina, nánar tiltekið þann 16. mars, barst Menntamálastofnun eftirfarandi yfirlýsing frá Assessment systems:

“We sincerely apologize to the Iceland Directorate of Education and all the parents and students that were affected by the failure experienced during test sessions on March 7th & 9th. We take full responsibility for the inconvenience, delay, and frustration that this has caused. *There was nothing the Directorate of Education could have done to prevent this from happening.* Our system was used appropriately however, our QA process failed. When the issue was discovered, we worked diligently to ensure it was immediately corrected.”

Í yfirlýsingunni lýsa Assessment Systems fullri ábyrgð á þeim bilunum sem upp komu. Meginástæðan fyrir rekstrarbilunum voru villur í kerfum þeirra og það er fátt, ef nokkuð, sem MMS hefði geta gert til að koma í veg fyrir þær. Stofnunin ákvað þó í ljósi alvarleika málsins að fara þyrfti gaumgæfilega yfir alla ferla stofnunarinnar sem lutu að framkvæmd prófanna og gera á þeim úrbætur. Jafnframt að nauðsynlegt væri að fara yfir samskipti við Assessment Systems, viðbragðsáætlanir og fleira. Var ákveðið að nánari greining á vandamálunum í íslensku- og enskuprófi yrði framkvæmd hið fyrsta af sérfræðingum hér á landi. Voru þrjú óháðir úttektaraðilar fengnir í greininguna og má finna skýrslur þeirra á heimasíðu Menntamálastofnunar eða með því að smella á eftirfarandi hlekki:

[Greining á framkvæmd samræmdra könnunarprófa](#) – apríl 2018. Úttekt unnin af Hannesi Péturssyni, R.ice ehf.

[Álitsgerð um framkvæmd samræmdra könnunarpróf](#) – apríl 2018. Úttekt unnin af Jóhannesi H. Steingrímssyni, Stúdíá ehf.

[Niðurstöður úttektar á framkvæmd samræmdra rafrænna könnunarprófa](#) – september 2018. Úttekt unnin af Stika ehf.

Í kjölfar annmarkanna í prófunum í mars ákvað Menntamálaráðherra með breytingu á reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla að skólastjórum væri heimilt að leggja prófin fyrir aftur í maí eða september 2018. Ákvörðun ráðherra var byggð á því að hagsmunir nemenda yrðu hafðir að leiðarljósi og það væri þeirra réttur að fá mat á sinni stöðu og því gafst öllum nemendum kostur á að þreyta prófin á ný. Skólarnir höfðu val um fjóra prófdaga fyrir íslensku og fjóra fyrir ensku að vori og tvo fyrir íslensku og þrjá fyrir ensku að hausti. Skólarnir voru beðnir að tilkynna Menntamálastofnun hvaða dag þeir höfðu valið fyrir hverja námsgrein.

ENDURFYRIRLAGNIR PRÓFA Í MAÍ OG SEPTEMBER

Fyrri endurfyrirlögn prófanna í íslensku og ensku fór fram dagana 30. apríl til 11. maí og seinni fyrirlögn dagana 10. til 14. september. Annan hvern dag á tímabili endurfyrirlagnanna var boðið upp á íslenskupróf og hina dagana enskupróf. Skólarnir gátu valið einn prófdag fyrir íslensku og einn fyrir ensku.

Dagana 30. apríl til 11. maí þreyttu 570 nemendur úr 100 skólum próf í íslensku og 734 nemendur úr 101 skóla próf í ensku. Í september þreyttu 66 nemendur úr 9 skólum próf í íslensku og 86 nemendur úr 9 skólum próf í ensku.

Endurfyrirlögn prófanna gekk í heildina vel og engir annmarkar voru í prófakerfinu. Fáein vandamál komu upp sem lutu að tæknibúnaði og innskráningu nemenda og voru þau öll leyst farsælega á skömmum tíma.

Samtals luku um 2500 nemendur 9. bekkjar samræmdu könnunarprófi í íslensku í þeim þremur fyrirlögnum sem fram fóru, í mars, maí og september. Alls luku 3808 nemendur stærðfræðiprófi og enskuprófi tæplega 2800 nemendur.

Úrvinnsla niðurstaðna og einkunnabirting í stærðfræðiprófi var með sama hætti og verið hefur. Allir nemendur sem tóku stærðfræðiprófið í mars fengu einkunnir afhentar í apríl, í samræmi við ákvæði reglugerðar um samræmd könnunarpróf. Í Skólagátt voru birtar hæfnieinkunnir, raðeinkunnir og námsþáttaeinkunnir. Þeir nemendur sem luku 80% eða fleirum af þeim verkefnum sem voru í prófunum í íslensku og ensku í mars, fengu birta hæfnieinkunn. Ekki voru gefnar raðeinkunnir í íslensku og ensku vegna skorts á áreiðanleika í kjölfar annmarkanna sem upp komu við fyrirlögnina í mars. Hins vegar fengu allir nemendur aðgang að sýnisprófum. Í sýnisprófunum geta nemendur, kennarar og foreldrar séð rétt og röng svör við spurningum prófsins ásamt sýnidæmi fyrir hverja spurningu. Sýnidæmin eru verkefni þar sem reynir á sömu hæfni og spurningin sjálf sem nemandinn svaraði í prófinu þannig að með því að skoða sýnispróf nemandans má fá vísbendingar um hvers konar spurningum hann svarar rangt, þ.e. hvar veikleikar hans liggja.

STUÐNINGSÚRRÆÐI OG UNÐANÞÁGUR Í MARS

Í 9. bekk 2018 voru 4306 nemendur skráðir. Sótt var um stuðningsúrræði fyrir 38% nemenda í íslensku og stærðfræði eða hér um bil 1600 nemendur. Fyrir enskupróf var sótt um stuðning fyrir 37% nemenda eða tæplega 1650 nemendur. Umsóknir um undanþágur frá prófi í íslensku voru 173 (fyrir 4% nemenda), í stærðfræði 215 (fyrir 5% nemenda) og tæplega 260 í ensku (fyrir 6% nemenda).

ÚRVINNSLA OG BIRTING NIÐURSTAÐNA

Birting niðurstaðna úr stærðfræðiprófi var með hefðbundnum hætti hvað varðar einstaklingsniðurstöður. Nemendur fengu einkunnablöð frá skólunum þar sem birt var hæfnieinkunn, heildarraðeinkunn ásamt raðeinkunnum fyrir einstaka námsþætti, heildargrunnskólaeinkunn ásamt grunnskólaeinkunn fyrir einstaka námsþætti og framfaræinkunn. Vegna þeirra annmarka sem upp komu í íslensku og enskuprófi í mars var ljóst að próftaka fyrir marga nemendur væri ófullnægjandi og niðurstöður úr þeim prófum gæfu ekki rétta mynd af hæfni nemenda. Menntamálaráðherra gerði af þeim sökum breytingu á 10 gr. reglugerðar 173/2017 um úrvinnslu og birtingu niðurstaðna úr samræmdum könnunarprófum, þar sem stofnuninni var heimilt að víkja frá skyldum sínum hvað úrvinnslu og birtingu varðar. Stofnunin ákvað eftir að hafa rýnt í gögnin úr fyrirlögn í íslensku og ensku að reikna og birta einungis hæfnieinkunnir þeirra sem náðu að opna eða ljúka að minnsta kosti 80% af spurningum prófsins. Fengu þeir nemendur einkunnablað með hæfnieinkunn úr hvorri námsgrein. Allir nemendur 9. bekkjar áttu hins vegar kost á að fá að sjá svör sín í sýnisprófi þar sem þeir gátu séð rétt og röng svör við sambærilegum spurningum og komu fram í prófinu sjálfu sem og dæmi um spurningar sem þeir slepptu að svara.

Eftir samráðsferli við aðila skólasamfélagsins (s.s. nemendur, Félag grunnskólakennara, Skólastjórafélagið, Heimili og skóla og fleiri) var ákveðið að raðeinkunnir, meðaltöl fyrir skóla og svæði og landsmeðaltöl yrðu ekki tekin saman. Átti það við um öll prófin þrjú, í íslensku, stærðfræði og ensku.

SAMANTEKT

Óhætt er að segja að fyrirlögn samræmdra könnunarprófa í 9. bekk hafi ekki gengið eins og til var ætlast. Þau alvarlegu tæknilegu vandamál sem komu upp við fyrirlögn prófanna í íslensku og ensku urðu þess valdandi að einungis um helmingur nemenda náði að ljúka prófunum, margir við óviðunandi aðstæður. Í kjölfarið var tekin mjög mikilvæg ákvörðun um að bjóða nemendum upp á að þreyta prófið að nýju. Allir áttu nemendurnir rétt á samræmdu mati á sinni stöðu á grundvelli laga. Jafnframt var mikilvægt að takmarka úrvinnslu niðurstaðna út frá óáreiðanleika gagnanna.

Samkvæmt fyrrgreindri yfirlýsingu frá þjónustuaðila prófakerfisins hefði Menntamálastofnun ekkert getað gert til að koma í veg fyrir þau tæknilegu vandamál sem upp komu í prófakerfinu 7. og 9. mars. Vissulega mátti skerpa á viðbragðsáætlunum stofnunarinnar við óvæntum upptökum og voru gerðar ýmsar úrbætur hvað það varðar. Í kjölfar annmarkanna í mars setti menntamálaráðherra á fót stýrihóp sérfræðinga sem falið var það verkefni að fara yfir núverandi fyrirkomulag og móta tillögur um framtíðarfyrirkomulag könnunarprófanna. Mun þeirri vinnu ljúka í byrjun árs 2019 og verður áhugavert að sjá tillögur hópsins.